

árinu sem leið



Morgunblaðið/Golli

Ragna Róbertsdóttir „Sýning Rögnu Róberts á Kjarvalsstöðum var frábær sjónræn upplifun og eftirminnleg auk þess að veita áhorfendum innsýn í margvíslega möguleika listamanna á að nálgast náttúruna og samspil náttúru og menningar í dag.“

Þess ber líka að minnast að væri safneignin ekki sýnd reglulega væru þessi verk hvergi sýnileg, etv. árum saman. Listasafn Reykjavíkur var með margar og fjölbreyttar sýningar á árinu og þar bar hæst, amk. í fjölmiðlum, sýningu Ólafs Eliassonar í Hafnarhúsi. Ef til vill hefur hún orðið til þess að einhverjir fundu fyrir áður óþekktri gleði sem fylgt getur samtímalistinni, þá er tilganginum náð. Listasafnið veitti nokkrum listamönnum af yngri kynslóðinni tækifæri, eins og Katrínu Sigurðar og Finni Arnar, sýning Porvaldar Þorsteinssonar hefði að mínu mati getað verið meira spennandi en hún var, kannski koma þar til tengsl Porvaldar við ritlistina og þá staðreynd að hið sjónræna er ekki alltaf sterkasta hlið verka hans. Sýning Rögnu Róberts á Kjarvalsstöðum var frábær sjónræn upplifun og eftirminnleg auk þess að veita áhorfendum innsýn í margvíslega möguleika listamanna á að nálgast náttúruna og samspil náttúru og menningar í dag. Listasafn Reykjavíkur Ásmundarsafn hélt áfram spennandi framtaki í formi Pýramíðasýninga, en sýningarnar í Kúlni voru einnig afar vel heppnaðar. Væri þetta ekki sniðugt fyrir fleiri söfn? Gerðarsafn var svo kannski ekki eins spennandi á árinu og stundum áður, en þar er eftirminnlegust sýning þeirra Guðrúnar Veru Hjartardóttur, JBK Ransu og Sigtryggs Bjarna, öll eiga þau eftir að skrá spor sín í íslenska listasögu. Síðan voru stór tíðindi í sögu Nýlistasafnsins á árinu þegar það flutti í nýtt húsnæði sem lofar afar góðu. Starfsemin þar heldur áfram að vera framsækin og spennandi eins og hún hefur alltaf verið og ætíð forvitnilegt að kíkja þar inn. Nýlistasafnið hefur verið í áhugaverðu samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur, ma. með málþing og afnot af sýningarsal Orkuveitunnar. Safn

Péturs Arasonar við Laugaveg er þegar orðið ómissandi stærð í myndlistarlífnum og þar hefur tekist að vera með mjög áhugaverðar tímabundnar sýningar á sama tíma og fastasýning safnsins er ætíð heimsóknar verð. Listasafn ASÍ heldur áfram að vera með framsæknar sýningar og frábært að listamenn skuli ekki lengur þurfa að greiða fyrir sýningar þar. Sýningar þar eru mjög fjölbreyttar og þar fá hinir framsæknustu af yngri kynslóðinni inni um leið og þeir eldri láta einnig ljós sitt skína, sbr. sýningu Hafsteins Austmanns á árinu. Norræna húsið er að sækja í sig veðrið með sýningum á ungru samtímalist sl. mánuði, þar er salur sem gott er að sækja heim.

Það sem lifir áfram

Það er síðan einstaklingsbundið hvað það er sem lifir áfram í huganum eftir árið. Í mínum huga er það fjöldi góðra smærri sýninga einstakra listamanna, eða einstök verk á stærri sýningum. Áleitnir skúlptúrar Guðrúnar Veru í Gerðarsafni, marglitur sjóndeildarhringur Ólafs Eliassonar í Hafnarhúsi, myndband Finns Arnar í Safni við Laugaveg, Trúnaður þeirra Magnúsar Sigurðarsonar og Ragnars Kjartanssonar í ASÍ, skálar Kolbrúnar Kjarval á sama stað. Myndbönd Helenu Jónsdóttur í Orkuveitunni og pendúll Hreins Friðfinnssonar á sama stað. Opnun Klink og Bank. Hrafnkell í Bananas. Ragna Róberts á Kjarvalsstöðum og fleira og fleira sem of langt er upp að telja. Þetta var gott ár, en næsta ár verður enn betra, Listahátíð 2005 og áframhaldandi orka og kraftur nýrrar kynslóðar sjá til þess. Það er bara að fara að hlakka til. Já og koma KÍM af stað, þó fyrir hefði verið.

Höfundur er myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins.

enga sérstaka eða einstaka upplifun. Dansflokkurinn samanstendur af fáum en tæknilega góðum og sviðsvönum dönsurum sem ráða við ólík verkefni. Fyrir utan fyrrnefnd dansverk, hefði að ósekju mátt sjást meira frá flokknum. Eflaust á fjárskortur þar hlut að máli.

Listahátíð gekk í garð með góða gesti í fararbroddi. Japanski dansflokkurinn Sankai Juku sýndi verkið *Hibiki* sem var bæði í senn dularfullt og hrifandi. Verkið einkenndist af því sjaldséða í vestrænum nútímadansi en það er litillæti, hógværd og auðmýkt. Hægar hreyfingar Butoh-dansaranna og tjáning andlita þeirra gáfu meira til kynna en orð fá lýst. Kærkomið gestaverk á listahátíð og dans af allt öðrum toga var verkið *Körper* eftir Sasha Waltz og dansflokk hennar. Þar var á ferð þýskt dansleikhús eins og það gerist best. Verkið var bæði í senn myndræn og slungin samfélagsádeila. Mikið hefur verið fjallað um dansarann og danshöfundinn Ernu Ómarsdóttur í fjölmiðlum á liðnu ári. *IBM 1401*, notendahandbók eftir hana og Jóhann Jóhannsson var flutt í Borgarleikhúsinu á listahátíð. Verkið sem var hvorki gott né vont var í besta falli lofandi um framhaldið. Nýtt verk eftir hana er væntanlegt á árinu í flutningi Íslenska dansflokksins.

Það var Spánverjinn Joaquín Cortés sem tryllti landann í Laugardalshöllinni í lok apríl. Cortés var hrifandi á sviðinu og ásamt stórsveit sinni sýndi hann frábært samspil tónlistar, söngs og dans. Eftirminnleg sýning fyrir þau nokkur þúsund Íslendinga sem hana sáu.

Þau dansverk sem sýnd voru á liðnu ári voru ólík og misgóð. Áðurnefnd dansverk höfunda á Nútímadanshátíðinni 2004 stóðu upp úr fyrir þær sakir að velja upp áleitnum spurningum og bera með sér frumleg efnistöð. *Lúna Láru Stefánsdóttur* var eftirminnlegast af verkum fluttum af Íslenska dansflokkinum og *Hibiki* í flutningi Sankai Juku var töfrandi fulltrúi danslistarinnar á Listahátíð 2004. Sýning þess var toppurinn á því sem var í boði á liðnu ári.

Árið 2005 er óskrifað blað í danslistinni. Á síðasta ári var áberandi uppsveifla hjá sjálfstætt starfandi danslistarfólki. Það er vonandi að það finni list sinni áfram hentugan farveg á nýju ári. Þjóðarballettinum, Íslenska dansflokknum, er þess óskandi að verða ekki það þröngur stakkur búinn fjárhagslega að hann sjái sig knúinn til að draga sýningar enn frekar saman og hverfa endanlega af landi brott á vit erlendra listahátíða.

Höfundur er dansgagnrýnandi Morgunblaðsins.

Steinsnar tekur risana í nefið

Tónleikahald hefur heldur en ekki tekið kipp á síðustu mánuðum og árum, fjölmargir hafa orðið atvinnu af því að flytja inn erlenda listamenn og sumir komast bærillega af að því er virðist. Eins og vill verða í vertíðarsamfélagi vilja aðrir komast í mokið líka og ör fjölgum tónleikahaldara skilaði sér svo í tónleikaárinu mikla 2004.

Kraftwerk, Metallica, Pink, Blonde Redhead, 50 Cent, Kris Kristofferson, Beach Boys, Van Morrison, Korn, Placebo, Deep Purple, Stranglers, Scooter, Pixies, The Fall, Marianne Faithfull, Damien Rice, Sugababes, Lisa Ekdahl, The Prodigy, James Brown, Lou Reed, Starsailor, Violent Femmes og guðmávitahvað þau hétu hljómsveitirnar og listamennirnir sem léku hér á landi á síðasta ári og sumar oftar en einu sinni. Að auki má nefna Airwaves-hátíðina þar sem ríflega 100 hljómsveitir tróðu upp, velflestar íslenskar en líka þónokkrar erlendar og grúa minna þekktara hljómsveita og listamanna erlendra sem léku hér á árinu.

Popp
Eftir Árna Matthíasson
arnim@mbl.is
Aðsóknin að helstu tónleikum sem hér eru nefndir var bærilleg, líklega nálægt 100.000 miðar seldir þegar allt er talið og veltan í kringum hálfan milljarð. Þrátt fyrir það er ljóst að margir hafa farið flatt á innflutningnum, tapið hleypur á milljónatugum. Ólíklegt verður því að telja að við eigum eftir að upplifa annað eins tónleikaár í bráð og öruggt að ekki verður eins mikið um innflutning á listamönnum hingað til lands á þessu ári þar sem helsti tónleikastaðurinn, Laugardalshöllin, verður lokuð frá mars fram í september vegna breytinga.

Plötuútgjafendur víða um heim hafa barmað sér yfir minnkandi sölu á tónlist og kennt um Netinu og þeim sem það stunda; hafa haldið því fram að stórauðin dreifing tónlistar yfir Netið sé völd að samdrætti í sölu. Þessa staðhæfingu, sem víða er étin upp gagnrýnilaust, er aftur á móti erfið að sanna, ekki síst nú síðustu ár þegar tölur um plötusölu vísa í aðra átt. Í haust kom nefnilega í ljós vestan hafs, þar sem samband hljómplötuframleiðenda, RIAA, hefur beitt þeirri stóreinkennilegu aðferð að lögsækja þá sem sótt hafa sér tónlist á Netið, að plötusala hefur aukist milli ára. (Í því sambandi má geta þess að RIAA hefur birt tölur og sagt þær sýna fram á samdrátt í sölu þegar beinar tölur úr sölukerfi verslana sýna fram á umtalsverða aukningu.)

Þegar þetta er skrifað eru um 12.000.000 manna að nota P2P hugbúnað, þ.e. hugbúnað sem notaður er til að skiptast á gögnum, t.a.m. tónlist, texta, myndum, kvikmyndum eða hugbúnaði. Málsóknir á við þær sem RIAA hefur beitt vestan hafs og menn eru að byrja á hér á landi hafa ekki dugað til að



Morgunblaðið/Sverrir

Metár í tónleikum „Aðsóknin að helstu tónleikum sem hér eru nefndir var bærilleg, líklega nálægt 100.000 miðar seldir þegar allt er talið og veltan í kringum hálfan milljarð. Þrátt fyrir það er ljóst að margir hafa farið flatt á innflutningnum, tapið hleypur á milljónatugum.“ Þýska rafsvæitin Kraftwerk hélt tónleika í íþróttahúsinu Kaplakrika.

draga úr notkuninni, enda bætast 20 sinnum fleiri notendur við á degi hverjum en RIAA lögsækir á mánuði.

Ekki er gott að gera sér grein fyrir hvaða áhrif málsóknir eiga eftir að hafa á netnotkun hér á landi. Þó að rétt sé að dómstólar taki af tvímæli í þessum málum, til að mynda hvort aðili sem rekur tengipunkt sem aðrir nota til að dreifa efni beri ábyrgð á því sem um punktinn fer, þá verða rök þeirra sem að kærnunum standa óneitanlega skrytín þegar þeir segjast vera að koma í veg fyrir samdrátt á sölu en síðan sýna tölur að sala eykst um tugi prósentu milli ára. Líklegri skýring er að þó aukin neysla þýði að þeim fjölgi sem kaupna ekki fjölgi þeim líka sem kaupna.

Þegar rýnt er í plötusölu síðasta árs kemur fleira forvitnilegt í ljós en að sala hafi aukist því það má sjá á plötusölulistanum að smekkur manna hefur breyst, í stað poppsins kemur það sem menn vilja kalla millitónlist og vísa þá til þess að hún hefur víðari skírskotun, nær til breiðari aldurshóps, en poppið og þá aðallega til eldra fólks. Þetta er þróun sem vart hefur orðið erlendis líka, en hérlendis útgjafendur hafa verið misnaskir á að nýta sér aukinn áhuga eldri plötukaupenda. Í því ber Fossatúnshóndinn Steinar Berg höfuð og herðar yfir aðra útgjafendur íslenska, tekur risana í nefið ef svo má segja, því Steinsnar, fyrirtæki sem státar af tveimur starfsmönnum, átti þrjár af mest seldu íslensku plötum ársins.